Nr. 989 24. nóvember 2009

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 327/1999**
**um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla.**

1. gr.

11. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

a) Á eftir orðunum „fyrir flokkana C, D og E auk kennslu“ í 2. málslið 11. gr. komi: fyrir farþega- og vöruflutninga í atvinnuskyni.

b) Á eftir 1. mgr. 11. gr. komi ný 2. málsgrein, sem orðist svo:
Kennsla skal fara fram í skólastofu. Þó er heimilt að kennsla fyrir ökutæki í flokkum A og B fari fram í fjarnámi.
2., 3., 4. og 5. málsgreinar 11. gr. verða 3., 4., 5. og 6. málsgreinar.

c) Á eftir orðunum „kennsluhúsnæði og“ í 5. mgr. 11. gr. bætist við: fjarkennslukerfi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 50. og 52. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 24. nóvember 2009.*

**Kristján L. Möller.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 11. desember 2009